

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Deiliskipulag fiskihafnar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið austan Hjalteyrargötu frá lóð ÚA að Glerá. Gerð er grein fyrir hafnarmannvirkjum, landfyllingu við Glerá, lóðarmörkum, nýtingu lóða og svæða, núverandi og fyrirhuguðum byggingum og umferðartengingum.

B-áfangi iðnaðarhverfis í Krossaneshaga.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag 25 ha svæðis upp af Krossanesi; frá A-áfanga iðnaðarhverfis, sem nú er í byggingu, norður að safngötunni Óðinsnesi. M.a. er fjallað um fyrirhugaða fullnýtingu grjótnáms í Ystaási. Gerð er grein fyrir opnum svæðum, fyrirhuguðum götum, lóðum og byggingarreitum. Ákvæði er sett um verndun fornminja á svæðinu. Samþykkt skipulagsins er með fyrirvara um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum en úrskurður liggur ekki fyrir um.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

Akureyri, 11. september 2003.

F.h. bæjarstjórans á Akureyri,

Inga Þóll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.